

Reglur fyrir Stefnir – Skuldabréfaval

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Stefnir – Skuldabréfaval, í reglum þessum nefndur sjóðurinn. Kennitala sjóðsins er 531213-9980.

Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður, starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

2. gr.

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins.

Með fjárfestingum sjóðsins er leitast við að ná fram ávöxtun í dreifðu safni skuldabréfa útgefnum af opinberum aðilum, fyrirtækjum og fjármálastofnunum ásamt eignavörðum skuldabréfum sbr. 3. mgr. 4. gr. Þá hefur sjóðurinn heimild til fjárfestinga í innlánum fjármálafyrirtækja. Samsetning sjóðsins á hverjum tíma mun fara eftir því sem sjóðstjórar telja hagkvæmt miðað við markaðsaðstæður.

3. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Í reglum þessum er sundurliðun fjárfestingastefnu sjóðsins sem hér segir:

- | | |
|----------------------------------------------------------------------|---------|
| 1. Sértryggð skuldabréf útgefin skv. lögum 11/2008 | 0 - 80% |
| 2. Eignavarin skuldabréf, sbr. 3. mgr. 4. gr. | 0 - 50% |
| 3. Skuldabréf á fyrirtæki þar sem tryggingar liggja að baki | 0 - 50% |
| 4. Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins | 0 - 50% |
| 5. Skuldabréf sveitarfélaga og Láanasjóðs sveitarfélaga | 0 - 35% |
| 6. Innlán eða víxlar fjármálafyrirtækja | 0 - 60% |
| 7. Skuldabréf fyrirtækja | 0 - 25% |
| 8. Önnur skuldabréf og víxlar | 0 - 15% |

Fjárfestingar skv. framangreindu í óskráðum fjármálagerningum mega samanlagt nema allt að 20% af heildareignum sjóðsins, sbr. 6. mgr. 4. gr.



4. gr.

Nánar um fjárfestingarstefnu sjóðsins

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast af því sem fram kemur í reglum sjóðsins og þar sem þeim sleppir af fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011 að öðru leyti.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum, útgefnum af fjármálafyrirtækjum sem njóta tryggingaráttar í tryggingarsafni útgefanda á grundvelli laga nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf og einnig samningsbundnum sértryggðum skuldabréfum sem ekki byggja á lagagrundvelli.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að fjárfesta í eignavörðum skuldabréfum en það eru skuldabréf þar sem undirliggjandi eignir standa til tryggingar á greiðslu skuldabréfanna. Útgefandi getur hvort heldur verið fagfjárfestasjóður eða félag (s.s. einkahlutafélag, hlutafélag eða samlagshlutafélag), sem varðveitir þær tryggingar eða eignir sem ætlað er að tryggja endurgreiðslu skuldabréfanna. Eignavarin skuldabréf geta verið notuð til fjármögnunar á t.d. íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, skuldaviðurkenningum o.fl. og eru eftir atvikum skráð í kauphöll.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum þar sem tryggingar liggja að baki en þar er átt við skuldabréf þar sem meðal annars er veitt trygging í fasteign, skipi, bifreið, flugvél eða öðrum framlögðum tryggingum.

Með skuldabréfum og víxlum skv. 7. og 8. tl. 1. mgr. 3. gr. er átt við skuldaviðurkenningar án þess að lagðar séu fram sérstakar tryggingar.

Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum

Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að fjárfesta allt að 20% af eignum sínum í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má þó ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðsins.

Takmarkanir á fjárfestingarheimildum sjóðsins í einstökum útgefanda eru bannig:

1. Sjóðnum er heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánunum sama fjármálafyrirtækis, skv. b lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
2. Sjóðnum er heimilt, skv. a lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.
3. Sjóðnum er heimilt, skv. d lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að binda allt að 35% af eignum sínum í



verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda. Þá er sjóðnum heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

4. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 38. gr. sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem útgefin eru af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Nýti sjóðurinn heimildina skulu þau dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

5. gr.

Afleiður

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu eða til að minnka kostnað.

Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma þeirra.

Sjóðnum er ávallt skyldt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% af eignum sjóðsins í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra veðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt, sbr. c lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði,

Viðmið afleiðna sem sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í eru auk fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingarheimildir sjóðsins; verðbréfavísitolur, vextir og verðtrygging.

Fjárfestingar sjóðsins í afleiðum skulu taka mið af stefnu sjóðsins og heimildum til þess að fjárfesta í einstökum tegundum fjármálagerninga, og takmörkun fjárfestinga í einum útgefanda eða tiltekinni útgáfu.

Þá er sjóðnum einnig heimilt að fjárfesta í valréttarsamningum (kaup- og sölurétti), skiptasamningum og framvikrum samningum.

6. gr.

Lántaka

Sjóðurinn hefur heimild, skv. 6. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til þess að taka lán til skamms tíma fyrir allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins.

7. gr.

Verkefni sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vörlufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörlufyrirtæki nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion banka ýmsum lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Arion banka. Skv. sömu lagaheimild viðheldur Arion banki skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, og bókhaldslög. Arion banki hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion banki hf. senda skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion banki hf. ef efnið varðar þá þætti sem Arion banki hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki hf. um að greiða eignastýringar- og vörluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnríkrekur fjlölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vörum eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefni skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Stefnis og viðkomandi aðila.

8. gr.

Þóknanir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,0% á ári.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörlu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefni hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Söluþóknun er að hámarki 2,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Beinn útagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísítöllum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst- og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjalfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefni til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar



en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini verða einungis sold gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:30 hvern virkan dag, sem jafnframt er opnunardagur Arion banka hf. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+2, þ.e.a.s. það á sér stað annan virka dag eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartím asjoðsins, en að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst næsta virka dag þar á eftir.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði uppfyllt.

10. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

11. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádegnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

12. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af Stefni hf.



Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. *in kind*), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu.

Reykjavík 31. ágúst 2016

Skand Rudolfsdóttir
Jóhann S. Úlfssan
Guðrún Þórssen
Ragnheiður